

Öryggismyndavélar í Hofsstaðaskóla

Verklagsreglur við skoðun á upptökum

Stafrænar öryggismyndavélar eru innanhúss, í anddyrum og miðrymi Hofsstaðaskóla og utanhúss við innganga og á skólalóð. Með þeim er hafin rafræn vöktun skólahússins í þeim tilgangi að varna því að eigur séu skemmdar eða farið um húsið í leyfisleysi.

Myndefni verður einungis skoðað ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys. Skólastjóri og húsvörður hafa heimild til þess að skoða myndefnið sem er vistað í 90 daga og því eytt að þeim loknum.

Vöktunin er í samræmi við lög og reglur um rafræna vöktun nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Merkingar með viðvörðunum um rafræna vöktun í samræmi við lög um persónuvernd hafa verið settar upp þar sem myndavélarnar eru staðsettar og vöktunin kynnt starfsfólki, nemendum og aðstandendum.

Til kynningar og nánari fræðslu varðandi eftirlitið sem hér um ræðir skal bent á reglur Garðabæjar um rafræna vöktun öryggismyndavéla sem taka til þessarar vöktunar: <https://www.gardabaer.is/media/reglugerdir/Reglur-Gardabaejar-um-rafraena-voktun-oryggismyndavela-05.03.2019.pdf>.

Við skoðun á myndefni úr eftirlitsmyndavélum verða starfsmenn að gæta að eftirfarandi atriðum:

- Skrásetja skal hverja skoðun á upptökum í þar til gert skjal sem vistað er í skjalavistunarkerfinu ONE.
- Ávallt verða tveir starfsmenn að vera saman við skoðunina.
- Ekki er heimilt að sýna upptökur öðrum en þeim sem koma fyrir á þeim. Sé um fleiri en einn aðila að ræða verða allir að fá tækifæri til þess að vera viðstaddir
- Ekki má afrita eða afhenda upptökur öðrum en lögreglu ef um saknæmt athæfi er að ræða.

Garðabæ 12. febrúar 2020

Hafdís Bára Kristmundsdóttir
skólastjóri